



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 2. október 2020

USK2020090016

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vistgötur (US200282).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Skipulagsyfirvöld leggja til og hafa hafið framkvæmdir á að gera Norðurstíg og Nýlendugötu austan Ægisgötu að vistgötum sem þýðir að bílar eru aftast í forgangi. Hraði hjóla, hjólaskauta eða hjólabretta miðast við gönguhraða.

Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvaðan þessi hugmynd kemur.

Er þetta gert að ósk íbúa og vegfarenda eða er þetta einungis persónulegar ákvarðanir skipulagsfulltrúa?

Hvernig var samráði háttað?

Hér er enn og aftur spurt um samráð við fólkið í borginni en ekki stafrókur um slíkt er að finna í framlagningu gagna sem er í formi tilkynningar fremur en tillögu.

Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Ákvarðanir um varanleg sérákvæði fyrir umferð eru teknar af veghaldara og að fengnu samþykki lögreglu, í samræmi við ákvæði 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í samræmi við c. lið 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, tekur ráðið slíkar ákvarðanir fyrir hönd borgarinnar.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur reglulega fyrir ráðið, tillögur um sérákvæði fyrir umferð. Tillögur skrifstofunnar byggjast fyrst og fremst á sjónarmiðum um umferðaröryggi, sem ráðast m.a. af eðli umferðar, umferðarmagni, umferðarhraða, staðsetningu, hönnun og umhverfi gatna.

Bílum hefur ítrekað verið lagt þétt upp við húsvegg austurhliðar Norðurstígs, þrátt fyrir að

þar hafi verið óheimilt að leggja ökutækjum. Yfirbragð götunnar hefur þó borið með sér að um sé að ræða bílastæði, sem hefur verið villandi fyrir ökumenn og hindrað ferð gangandi vegfarenda.

Íbúar portsins hafa ítrekað lent í vandræðum með að komast út úr portinu, vegna bíla sem lagt hefur verið til móts við aðkomu að portinu. Í kjölfar erindis frá íbúum haustið 2018, var umferðarhnöllum komið fyrir til að hindra bifreiðastöður við austurhlið götunnar. Þá er gangstétt við Norðurstíg einungis um 40 - 70 cm breið og fullnægir það ekki kröfum um aðgengi allra. Að mati skrifstofunnar var því mikil þörf á úrbótum á svæðinu.

Breytingar og framkvæmdir á svæðinu eru í samræmi við gildandi deiliskipulag sem ekki gerir ráð fyrir bílastæðum við Norðurstíg. Ekki var þörf á sérstakri grenndarkynningu vegna framkvæmdanna en skipulagið fór á sínum tíma í gegnum lögbundið kynningarferli. Eins og venja er, var íbúum send tilkynning um fyrirhugaðar framkvæmdir, áður en þær hófust. Ekki fór fram sérstakt samráðferli við íbúa áður en ákveðið var að gera göturnar að vistgötum.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri